

Fundargerð 109. fundar.

109. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn á skrifstofu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Garðatorgi 5 í Garðabæ þann 27. janúar 2015 og hófst hann kl. 15.00

Fundinn sátu, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason, Guðmundur H. Einarsson, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Páll Stefánsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Ársskýrsla framkvæmdastjórnar fyrir 2014 yfirfarin og samþykkt.

2. Yfirferð álitamála vegna nýrrar heilbrigðissamþykktar

Farið yfir vinnu við yfirferð álitamála og athugasemda sem borist hafa varðandi nýja heilbrigðissamþykkt fyrir höfuðborgarsvæðið.

Páll og Kristín Lóa hafa myndað vinnuhóp sem unnið hefur málinu með svæðisskipulagsstjóra.

Framkvæmdastjórnin felur vinnuhópnum að ganga frá skýringablaði sem fylgt getur tillögu að heilbrigðissamþykkt.

3. Tillaga að heilbrigðissamþykkt

Lögð fram yfirfarin drög að nýrri heilbrigðissamþykkt fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdastjórn mælir með við heilbrigðisnefndir að fyrirbyggjandi drög verði send viðkomandi sveitarstjórnnum til afgreiðir þau í formi samþykktar samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

4. Önnur mál.

- a. Þorsteinn gerði grein fyrir verkefnislýsingu vegna hugmynda um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar sem nær til fjarsvæðis núverandi vatnsverndarskipulags. Einnig kynnti hann umsögn heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um verkefnalýsinguna sem tekur m.a. mið af að skilgreining umrædds svæðis getur breyst í grannsvæði vatnsverndar í nýju skipulagi vatnsverndar.
- b. Formannsskipti. Árný Sigurðardóttir tók við formennsku framkvæmdastjórnarinnar til næstu tveggja ára samkvæmt starfvenju.

Fundi var slitið kl. 16.40

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS